



Nagladekk, auglýsingar, talning og umræða

Skrifstofa þjónustu og samskipta 9. nóvember 2022



Staðreyndir og umræða. Efni:

Auglýsingar haustið 2022

Hvar og hvernig?

Upplýsingasíða um vetrardekk og fréttir

Á vef Reykjavíkurborgar

Hagsmunaaðilar

Lögreglan, FÍB, bílaleigur ...

Talningar

Hlutfall milli nagladekkja og annarra dekkja

Hvað er til ráða?

Hvað viljum við gera meira?



Auglýsingar haustið 2022

Stefna borgarinnar


„Innan við 20% bílaflotans í Reykjavík verði á nagladekkjum og þau verði háð gjaldtöku“ (4. Gæði umhverfis – markmið.)



Auglýsingabirtingar

Auglýsingar hófust í annarri viku október og stóðu í fjórar vikur:

- Í hverfablöðum í Reykjavík
- Á vefmiðlum; mbl.is, visir.is, Kjarninn, Fréttablaðið
- Á samfélagsmiðlum; Facebook, Instagram.
- Á auglýsingastöndum í borgarlandinu.





Auglýsingar haustið 2022



**ÞARFTU NAUÐSYNLEGA
NAGLADEKK Í VETUR?**



Reykjavík

NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI



**VELDU ÞÉR
GRIP VIÐ HÆFI**



Reykjavík

NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI



**ÞARFTU
NAUÐSYNLEGA
NAGLADEKK
Í VETUR?**

NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI



Reykjavík



Auglýsingar haustið 2022

Vefmiðlar



Auglýsingastandar




Borðstandar





Samskiptaáætlun - Fréttir á reykjavik.is



**Góð vetrardekk eru
betra val en nagladekk
í Reykjavík**

27. október 2022



**Nagladekk eru ekki
æskileg á götum
borgarinnar**

15. október 2022



Samskiptaáætlun - Fréttir og upplýsingasíða

Upplýsingasíða:

<https://reykjavik.is/nagladekk>

Helstu rök:

- Góð vetrarþjónusta
- Önnur góð vetrardekk
- Minna slit
- Minni loftmengun
- Minni hávaði
- Svifryk
- Leikskólar
- Lýðheilsa

The screenshot shows the Reykjavík website header with the logo and navigation links: Íbúar, Stjórnsýsla, and Atvinnulíf. The page title is 'Nagladekk'. The breadcrumb trail is: Íbúar > Umhverfi og samgöngur > Samgöngur og umferð > Ökutæki > Nagladekk. The main content area features a large blue and yellow graphic on the left and a text block on the right. The text explains that road closures are necessary for safety and to reduce air pollution, and that they will be in effect from November 1st to April 15th.

Reykjavík

Íbúar Stjórnsýsla Atvinnulíf

EN Mínar síður Leita

[Íbúar](#) > [Umhverfi og samgöngur](#) > [Samgöngur og umferð](#) > [Ökutæki](#) > [Nagladekk](#)

Nagladekk

Nagladekk eru ekki æskileg á götum borgarinnar af mörgum ástæðum. Þau slíta götunum hratt og örugglega og rekstrarkostnaður þeirra verður óþarflega mikill. Þau skapa hávaða sem hægt væri að koma í veg fyrir með því að velja góð vetrardekk í staðinn. Síðast en ekki síst valda þau svifryki sem leggst í öndunarfæri og lungu fólks. Þau auka einnig eldsneytiskostnað bifreiða. Mikilvægt er því að draga úr hlutfalli þeirra. Dýpt mynsturs í hjólbörðum hefur til að mynda áhrif á hversu gott grip þeirra er. Í reglugerð um gerð og búnað ökutækja er krafist þriggja millimetra lágmarksdýptar mynsturs á vetrardekkjum fólksbifreiða. Það dugar mjög vel í Reykjavík. Það er ekki bannað að nota nagladekk frá 1. nóvember til 15. apríl árlega en það er ekki æskilegt. Reykjavíkurborg hvetur öikumenn til að hugsa sig tvisvar um áður en nagladekk fara undir bílinn.



Nagladekk - Lögreglan sektar ekki

- Tilkynning í október: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun ekki sekta ökumenn fyrir notkun nagladekkja þó slíkur búnaður sé ekki heimilaður fyrr en 1. nóvember.
- Þetta kemur fram í tilkynningu lögreglunnar á Facebook. Þar mælir lögreglan með því að ökumenn noti vetrardekk.



Frétt af mbl.is

Óskiljanlegt að lögregla ætli ekki að sekta



Bílaleigur - Naglar strax í október

INNLENI

Segja að umræðan um nagladekk sé galin: „Vilja stjórnvöld fá ferðamenn?“




Þorsteinn Þorgeirsson, framkvæmdarstjóri Avis bílaleigunnar og Steingrímur Birgisson, forstjóri Höldur-Bílaleigu Akureyrar eru sammála um að umræðan um gjaldtöku vegna nagladekkja sé galin.

Þorsteinn segir að íslensk stjórnvöld verði að ákveða hvort þau vilji fá ferðamenn til landsins eða ekki.




Meðaltalsdreifing á notkun negldra hjólbarða í Reykjavík sl 5 ár auk samanburðar við 2001-2002.

Í okt 2001 voru 3% á nöglum, í okt 2022 eru 15% á nöglum. Hvað gerðist?





Meðaltalsdreifing á notkun negldra hjólbarða í Reykjavík





Nagladekk – Rannsóknir og umræða

Gjald á nagladekk

Reykjavíkurborg hefur a.m.k tvisvar óskað formlega eftir leyfi til að setja gjald á nagladekk. Það hefur ekki náð í gegn. Nú undirbýr Umhverfisstofnun sama ferli:

„Umhverfisstofnun er að uppfæra áætlun um loftgæði, þar sem lagt verður til að sveitarfélög fái heimild til að leggja gjald á notendur nagladekkja.“

Skýrsla

„Í rannsóknarskýrslunni; Losun svifryks frá gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu – ferlar og líkan, sem styrkt var af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar er notast við NORTRIP líkanið.

„Ein af niðurstöðum skýrslunnar er sú að verulega þurfi að draga úr nagladekkjanotkun en næmnigreining gefur til kynna að **nagladekkjanotkun sé langveigamesti þátturinn í myndun svifryks** frá umferð á höfuðborgarsvæðinu.“

Skýrsla

Minna svifryk með minni hraða

Svifryksmengun er töluvert vandamál hér á landi, ekki hvað síst á þessum árstíma þegar flestir eru ennþá á nagladekkjum. Lækkun hámarkshraða gæti hins vegar dregið verulega úr tilurð svifryks og um leið sliti gatna.

Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Þrastar Þorsteinssonar prófessors í umhverfis-og auðlindafræði við Háskóla Íslands, um áhrif hraða á mengun vegna umferðar.



Hvað er til ráða?

- Umræða: Markmiðið er að draga úr hlutfalli nagladekkja í Reykjavík.
- Minna slit á götum, minni hávaði og minni mengun.
- Árið 2001 var hlutfallið 67% á nöglum (33% á öðrum). Veturinn 2016-2017 voru „aðeins“ 32% bifreiða á nöglum. Síðastliðna vetur hefur talan hækkað og farið yfir 40%. Byrjunin í vetur telst ekki góð.
- Umræða: Hvað er hægt að gera?



Reykjavík